

Fundargerð - Umferðarhópur 30. mars 2023

Fundur haldinn í Ráðhúsi Vestmannaeyja

Fundinn sátu: Brynjar Ólafsson, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Jónatan G. Jónsson, Hjalti Pálsson, Jóhannes Ólafsson (Lögregla Vestmannaeyja)

Mál á dagskrá

- Hvort mætti taka út beygjuakrein á horninu á Strandvegi og Heiðarvegi þ.e. þegar keyrt er í austur eftir Strandvegi að þá eru tvær akreinar en ekki þrjár eins og er í dag. Þetta myndi auðvelda stórum bílum að taka beygjuna þegar komið er úr Herjólfí

Niðurstaða: Ýmsar lausnir og sjónarhorn voru rædd. Besta lausnin að svo stöddu er talin vera að fækka akreinum á vesturenda gatnamótana með þeim hætti að beygjuakrein verður fjarlægð. Þannig myndist aukið pláss fyrir stór ökutæki til að taka vinstri beygju. Það gæti hins vegar verið ruglingslegt ef að það er beygjuakreinar fyrir sumar áttir gatnamótanna. Það þarf því að skoða betur hvernig áhrif það hefur á umferð um gatnamótin og á umferðarraðir að fækka akreinum. Ekki talið ráðlagt að fækka akreinum þegar komið er úr Herjólfí þrátt fyrir að bílstjórar á stórum bílum þurfti að fara á austustu akreinina til þess að komast í vestur.

Einnig var rætt að hugsanlega væri tilefni til að rekstraraðilar skoði bílakost sinn því að sum stór ökutæki geti vel ráðið við gatnamót sem þessi. .

Ef það þarf að gera breytingar á þessum gatnamótum þá þarf Vegagerðin að samþykkja það.




2. Einstefna þegar keyrt er fram hjá Tanganum í átt að Básaskersbryggju. Einstefnan gæti verið sett upp yfir sumarmánuðina eða verið allt árið. Þetta myndi bæta öryggi þeirra fjölmörgu farþega sem ferðast með Herjólf. Spurning hvort setja ætti upp þrengingar til að hægja á umferð.

Niðurstaða: Mikið er um gangandi vegfarendur á svæðinu og örtröð á svæðinu og því tilefni til að huga að umferðaröryggi á svæðinu. Annarsvegar að beina fólki í að halda sig við gönguleiðir en til þess þarf hugsanlega að tryggja nægt svæði á gangstéttum og þannig mögulega að fjarlægja mannvirki á svæðinu. En einnig að takmarka umferð.

Hópurinn telur þörf á að skoða betur mögulegar úrlausnir á svæðinu og hvaða nálganir eru bestar til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda á svæðinu. Umferðahópurinn er enn með þetta mál á sínu borði.

Umferðarhópur og framkvæmdastjóri Umhverfis- og framkvæmdasviðs fylgja málinu eftir.



3. Setja gangbraut á bláu göngustígana sem eru á gönguleið farþega Herjólfss bæði austan megin við Bása (við N1) og á milli Bása og Skildingavegs 5.

Niðurstaða: Hópurinn var sammála um að forgangur gangandi vegfarenda væri ekki skýr með merkingu blárra göngustíga. Ákveðið var að málaðar yrðu gangbrautir á leiðunum í sumar. Hugsanlega þarf að stytta gönguleiðir yfir umferðargötur við gangbrautirnar.

Framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs hefur umsjón með að gangbrautir verði málaðar í byrjun sumars.

4. Á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar er listi yfir þau svæði þar sem leggja má stórum ökutækjum. Listi þessi er frá 2018 og tel ég að þurfi að endurskoða hann m.a. með tilliti til nýrra bílastæða á hafnarsvæðinu. Linkur á yfirlistmynd sem á að fylgja listanum er óvirkur <https://www.vestmannaeyjar.is/mannlif/frettir/svaedi-fyrir-stor-okutaeki>.

Niðurstaða: Uppfæra þarf lista yfir svæði þar sem má leggja stórum ökutækjum. Mögulegar staðsetningar ræddar á fundinum.

Umferðarhópur mun koma með tillögur sem verður vísað til umhverfis- og skipulagsráðs til samþykktar.

Að loknum fundi var rætt að skoðað yrði hvort neðri hluti Bárustígs gæti orðið einstefna í framhaldi af einstefnu efri hluta Bárustígs. Þetta verður skoðað nánar.